

Ágæta Íris.

Við vitum ekki alveg hvert við eigum að stíla þennan póst, til þín eða Umhverfisnefndar Vestmannaeyja en treystum því að þetta erindi okkar rati réttan veg.

Við búum öll fyrir ofan hraun og erum mjög ósátt við hvernig nágranni okkar, Árni Johnsen á Höfðabóli, er búinn að menga umhverfið þar á undanförunum árum með því að sanka að sér ýmiss konar dóti á lóð sína við Höfðaból, að okkur skilst án allra leyfa. Til að mynda eru nú meðfram veginum suður á eyju tíu fiskikör með alls kyns drasli sem þar hafa verið síðustu fjögur, fimm ár og eru lítt til fegurðarauka. Þá hefur sífelld verið að fjölga grjóthnullungum og trjádruðum á sama stað sem ekki verður séð að fegri umhverfið; gefur því heldur draslarakenndan blæ auk þess sem sumt af grjótinu er svo nærri akveginum að slyshætta gæti verið af.

Við eigum ættir okkar að rekja í þetta umhverfi og þykir miður að þetta skuli vera sú ásýnd sem við gestum og gangandi blasir, þeim sem leið eiga um eyjuna. Við viljum því fara þess á leit að Umhverfisnefnd Vestmannaeyja geri gangskör í því að fjarlægja sem fyrst það drasl sem þarna er og hefur ekki verið samþykkt af þar til bærum yfirvöldum.

Vestmannaeyjum, 3. maí 2020

Með kveðju

Sigurgeir Jónsson – Katrín Magnúsdóttir, Gvendarhúsi

Ingibjörg Jónsdóttir – Garðar Arason, Þorlaugargerði eystra

Árni Óli Ólafsson – Hanna Birna Jóhannsdóttir, Suðurgarði